



Reykjavík, 15. maí 2024

SFS24050075

Til íbúaráðs Laugardals

Beiðni um umsögn vegna tillögu um mótun skóla- og frístundastarfs í Laugardal til framtíðar

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 13. maí 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata:

Lagt er til að fallið verði frá fyrri ákvörðun um að sviðsmynd 1 í ódags. skýrslu starfshóps um framtíðarsýn skóla- og frístundastarfs í Laugarnes- og Langholtshverfi komi til framkvæmda. Þess í stað komi til framkvæmda að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023. Verkefnastjóri verði fenginn að verkefninu til að tryggja rétt upplýsingaflæði, tímaramma og verkáætlanir.

Jafnframt var samþykkt svohljóðandi málsmeðferðartillaga:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að óska eftir umsögnum skólaráða og foreldrafélaga Laugarnesskóla, Langholtsskóla, Laugalækjarskóla og Álftamýrarskóla auk frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Laugarnes- og Langholtshverfi, íbúaráðs Laugardals og ungmennaráðs Laugardals, Háaleitis og Bústaða vegna tillögu um að til framkvæmda komi að móta skóla- og frístundastarf í Laugardalnum til framtíðar samkvæmt sviðsmynd 4 í skýrslu starfshóps um undirbúning framkvæmda, dags. í nóvember 2023.

Sviðsmynd 4

Opnaður verði nýr unglíngaskóli í Laugardal fyrir unglínga af skólasvæði skólanna þriggja, Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugalækjarskóla, auk nemenda á unglíngastigi sem búa á nærliggjandi uppbyggingareitum, við Grensásveg, á Orkureitnum og í Skeifunni. Skólarnir þrír yrðu þá allir yngri barna skólar fyrir nemendur í 1.-7 bekk.

A. Byggja nýtt húsnæði fyrir **unglingasafnskóla** (8.-10. bekkur) fyrir skólana í Laugardalnum þar sem einnig væri gert ráð fyrir félagsmiðstöð.

B. Auk þess taki nýr unglíngaskóli við nemendum sem munu búa á uppbyggingarreitum í nágrenni Laugardalsins sem skv. núverandi skipan skólahverfa tilheyrir Álftamýrar- og Vogaskóla.

C. Gera þarf ráð fyrir frístundaheimilum í öllum þremur skólunum, Laugarnesskóla, Laugalækjarskóla og Langholtsskóla fyrir 1. og 2. bekk.



Reykjavík



D. Gera safnfrístund fyrir 3. og 4. bekki í Laugardalnum, samnýtt fræðsluhúsi í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

E. Gera ráð fyrir aðstöðu fyrir skólahljómsveit Austurbæjar í Laugalækjarskóla.

F. Huga þarf að húsnæði í Laugalækjarskóla fyrir íþróttakennslu en íþróttaaðstaða í Laugardalshöll og þjóðarhöll verður nýtt eftir því sem aðstæður leyfa, m.a. fyrir nemendur í unglingasafnskóla.

Kynningarfundir verða haldnir fyrir umsagnaraðila síðar í maí og verða auglýstir sérstaklega.

Hér með er óskað eftir umsögn um sviðsmynd 4 í skýrslu um skóla- og frístundastarf í Laugardal: undirbúningur framkvæmda. Umsagnarfrestur er til og með 31. maí 2024 og óskað er eftir að umsagnir berist á netfangið sfs@reykjavik.is

Virðingarfyllst,
Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

[Tillaga ásamt greinargerð, dags. 10. maí 2024.](#)

[Skýrsla um skóla- og frístundastarf í Laugardal: undirbúningur framkvæmda, dags. í nóvember 2023.](#)



Reykjavík